

Sp.

318. Tillaga til þingsályktunar

[149. mál]

um fjárhagslega aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir útvegum lánsfjár eða annarri fjárhagslegri aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði, sem geti tekið upp a. m. k. 400 smálesta skip. Aðstoðin skal við það miðuð, að byggingarframkvæmdir geti hafizt á yfirstandandi ári.

Greinargerð.

Öllum landsmönnum er vel kunnugt um hið alvarlega ástand í atvinnumálum Siglufirðinga og sívaxandi brottflutning fólks úr kaupstaðnum. Þetta ástand á rætur sínar að rekja til aflaleysis á sildveiðum fyrir Norðurlandi tvö síðastliðin sumur, jafnframt því sem vetrarvertiðarafli fyrir Norðurlandi hefur einnig brugðizt. En Siglufjörður hefur, eins og kunnugt er, byggt afkomu sína á útgerð og þá fyrst og fremst sildarútgerð. Er nú brýn þörf skjótra og skynsamlegra úrræða til að efla atvinnulífið á Siglufirði, svo að íbúar staðarins þurfi eigi að flytjast í aðra landsfjórðunga til að afla sér atvinnu og lífsframfæris. Margar tillögur til úrbóta hafa komið fram, en sú þeirra, sem einna raunhæfust er og Siglufirðingar leggja mesta áherzlu á um þessar mundir, er bygging nýrrar dráttarbrautar, er geti tekið upp a. m. k. 400 smálesta skip. Þessi tillaga hefur líka hlotið meðmæli nefndar þeirrar, sem athugar aukinn iðnrekstur í kaupúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg. Þá hefur hafnarnefnd Siglufjarðar nú fyrir skömmu samþykkt einróma að hefja á þessu ári byggingu dráttarbrautar af framangreindri stærð. En til þess að svo megi verða, er nauðsyn á fjárhagslegri fyrirgreiðslu ríkisstjórnarinnar.

Á Siglufirði er til gömul dráttarbraut, sem nú er að mestu ónýt, er gat tekið upp allt að 150 smálesta skip. Á þeim tíma, sem hún var rekin, voru fiskiskip almennt ekki stærri en þetta. Nú er stærð margra fiskiskipa hins vegar orðin mun meiri, og þess vegna verður hin nýja dráttarbraut að vera til mikilla muna stærri. Rekstur dráttarbrautar er því ekki ný atvinnugrein á Siglufirði, en með endurreisn þessarar atvinnugreinar á myndarlegan hátt mætti án efa stuðla að atvinnuöryggi, sem Siglufirðingar hafa svo brýna þörf fyrir. Þegar dráttarbraut hefur verið reist, er aðeins stutt skref yfir í stálskipasmíðastöð. Getur dráttarbrautin þannig orðið undirstaða að nýrri og mikilvægri atvinnugrein fyrir íbúa Siglufjarðar á komandi árum.